

Mál nr. 223/2004**M
og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um hvort bótaskyldt slys hafi átt sér stað við sjúkranudd
þann 15.07. 2004.****Gögn.**

1. Málskot móttengið 08.11. 2004 ásamt fylgiskjöllum 1- 8.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.11. 2004, ásamt fylgiskjöllum þ.e. bréfi félagsins til tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 27.09. sl., tölvupósti aðila, tjónstilkynningu, sjúkradagpeningavottorði, umboði lögmanns, “samskiptaseðli” og huta skilmála fjölskyldutryggingar.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 781/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. Ágreiningur aðila er um hvort M hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi er hann var í sjúkranuddi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð með vísan til c-liðar 10. gr. skilmála fyrir slysátryggingu fjölskyldutryggingar þar sem undanskilin eru slys sem verða vegna lækningameðferðar.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Ekki hafi verið um lækningameðferð að ræða í umrætt sinn. M hafi verið í sjúkranuddi hjá sjúkranuddara, slysið hafi orðið með þeim hætti að sjúkranuddari var að nudda M og leiddi það til lömunar vinstri úlnliðar og fingra. M hafi verið óvinnufær síðan. Hann telur að hann eigi rétt á greiðslu sjúkradagpeninga úr fjölskyldutryggingu vegna óvinnufærni. Óþarft er að geta röksemdafærslu lögmanns M sem fram kemur í málskotinu.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og c-lið 10. gr. skilmála vátryggingarinnar hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vátryggingafélagsins. Ekki er unnt að fallast á röksemdafærslu lögmanns M sem getið er í málskotinu. Meiðsl M urðu er hann var í sjúkranuddi hjá sjúkranuddara. Að óbreyttu verður að líta svo á að slík meðferð sé lækningameðferð í skilningi vátryggingarskilmála slysátryggingar fjölskyldutryggingar. M á ekki rétt á greiðslu sjúkradagpeninga því hér er um undanskylða áhættu að ræða samkvæmt nefndum skilmálum.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.